

Upplýsingatækni (UPT2A06)

Háskólabrú

Áfangalýsing

Meginmarkmið þessa áfanga er að nemandi:

- þekki staðarnet skólans og þann hugbúnað sem honum stendur til boða
- geti beitt þeim hugbúnaði sem er til í skólanum við annað nám í skólanum
- geti aflað sér þekkingar um hvernig hagnýta megi upplýsingatækni í tengslum við eigið nám
- geti sett fram þá þekkingu, sem hann aflar sér í námi sínu, á tölvutækan hátt, s.s. í gagnasafni, með myndrænni framsetningu tölulegra gagna, á margmiðlunarformi með myndum og stiklutexta

Grunnhugtök og aðgerðir Office 365 eru megininntak áfangans. Almenn ritvinnsla með áherslu á uppsetningu ritgerða, glærugerð og grunnatriði töflureiknis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð og siðvit í vinnu á staðarneti sem og á netinu.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi í upplýsingatækni.

Þrep

Áfanginn er á 2.þrepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- grundvallaratriðum staðarnets
- hugbúnaði sem í boði er og nýtist í náminu
- hvernig nýta má kosti upplýsingatækninnar í náminu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- geta nýtt sér hugbúnaði við framsetningu upplýsinga á tölvutæku formi (með aðstoð Office 365)
- geta nýtt sér vefinn í upplýsingaleit og sem samskiptatæki
- geyma gögn á veraldrarvefnum, bæði einkaskjöl og opin skjöl

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja helstu grunnhugtök í upplýsingatækni
- kunna að bera sig að við upplýsingaleit á veraldarvef
- geta sett fram gögn á skýran og skilmerkilegan hátt með aðstoð Office 365
- vera virkir og sjálfstæðir tölvunotendur með gagnrýna, siðferðislega og ábyrga hugsun á það sem fram fer á veraldarvef

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.